

Kynningarbréf

Grenndarkynning vegna staðsetningar á gámavelli

Skipulags- og byggingarnefnd Blöndósbæjar ákvað á fundi sínum 17. mars 2008 að leggja til að á lóðinni Efstabraut 4 á Blönduósi sem hefur verið nýtt sem lagersvæði, verði tekin undir gámavöll til móttöku á úrgangi: Byggingarefni, garðaúrgangi og almennum úrgangi frá bæjarbúum öðru en lífrænum úrgangi, en fremur er fyrirhugað að reka þarna gámaleigu. Með vísan til 2. mgr. 23. gr sbr 7. mgr. 43. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er eftirtöldum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna:

Húseigendum við Hlíðarbraut, Urðarbraut og Melabraut og atvinnufyrirtækjum við Efstubraut. Bent skal á að leigutakar húsnæðis á ofangreindum lóðum teljast einnig til hagsmunaaðila og skulu húseigendur kynna tillöguna fyrir þeim.

Tillagan verður til kynningar á Bæjarskrifstofum Blönduósbæjar - Hnjúkabyggð 33, Sími: 455 4700 - 896 3920 - Myndsími: 455 4701 Blönduósi kl. 9.00-16:00 og á heimasíðu sveitarfélagsins www.blonduos.is undir mál í kynningu. Á sama stað verður hægt að fá nánari upplýsingar. Símatími er frá 9,00 – 15,00 alla virka daga.

Kynning hefst þann 13 júní 2008 og skal athugasemdum við ofanskráða tillögu komið skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa að Hnjúkabyggð 33 - 540 Blönduósi, eða á netfangið stefan@blonduos.is eigi síðar en 14. júlí 2008.

Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast samþykkja hana.

F.h. Blönduósbæjar Stefán Árnason skipulags- og byggingarfulltrúi

- *Skipulagsreglugerð 43. gr 7. mgr.*
- *Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. nr. 785/1999*
- *Reglugerð um úrgang nr. 738/2003*